



Mobileguide Iceland

Spurningar og svör

Hvað er Mobileguide Iceland ?

Mobileguide er ókeypis hugbúnaður sem þú hleður beint inn á farsímann þinn. Hugbúnaðurinn inniheldur götukort, dagskrár hátíða, upplýsingar um þjónustur, strætóleit og ýmislegt fleira.

Virkar Mobileguide á mínum farsíma?

Mobileguide virkar á flestum Blackberry, Nokia, Sony Ericsson, Samsung, HTC, LG farsímum og einnig iPhone & iPod Touch. Athugaðu þó að þú verður að vera með uppsettar internetstillingar til þess að geta sótt hugbúnaðinn og notað valfrjálsar þjónustur innan hans.

Hvernig sæki ég Mobileguide?

Til þess að sækja hugbúnaðin þarft þú að slá inn **get.mobileguide.is** í farsímavafra og samþykka uppsetningu hugbúnaðarins. Einhver gagnagjöld geta komið til vegna internetnotkunar í gegnum farsíma, en þessi gjöld ættu ekki að vera yfir tíu íslenskum krónum innanlands.

Ef þú ert með Apple tæki þá getur þú einnig sótt hugbúnaðinn beint í gegnum iTunes vefverslun Apple undir nafninu "Mobileguide Iceland" .

Sjálfvirk uppsetning fer ekki af stað?

Ef sjálfvirk uppsetning fer ekki af stað getur verið að þú sért ekki með internet stillingar uppsettar í farsímanum þínum. Þú getur nálgast stillingarnar hjá þínu farsímafyrirtæki á eftirfarandi slóðum:

- **Síminn** <http://www.siminn.is/thjonustuver/farsiminn/stillingar>
- **Vodafone** <http://www.vodafone.is/live/simtaeki>
- **Tal** <http://tal.is/index.aspx?GroupID=747>
- **Nova** stillingarnar koma sjálfkrafa í farsímann þinn.

Hvar er hugbúnaðurinn í farsímanum mínum ?

Það er nokkuð mismunandi eftir farsímum og farsímaframleiðendum hvar hugbúnaðurinn er vistaður. Hér koma þó nokkrar algengar staðsetningar eftir framleiðendum:

- **Nokia:** Oftast staðsett undir “Forrit” í aðalvalmynd eða undir “Niðurhöl”.
- **Sony Ericsson:** Oftast undir “Skrár” (eða “Skipuleggjari”) -> “Forrit” í valmynd, en stundum undir “Leikir”.
- **HTC:** Má finna í “Midlet Manager” í forritsmöppunni.
- **Samsung:** Velja “Forrit” -> “Java” úr aðalvalmynd.

Hugbúnaðurinn heitir „Mobileguide”.

Samstarfsaðilar

